

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 06/2015.

Reykjavík, 02.03.2015

2015020441

Efni: Innköllun á vatni: ENERGY FOR YOU Nanoclustered Water og WAYBACK WATER - Energy For You Nanoclustered Water.

Matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur ákveðið að innkalla frá neytendum vörunar Energy For You Nanoclustered Water og Wayback Water - Energy For You Nanoclustered Water þar sem fram hefur komið að þær eru framleiddar af fyrirtæki án starfsleyfis og við aðstæður sem samræmast ekki lögum um matvæli nr. 93/1995 og reglugerðum settum með stoð í þeim. Þetta gerir það að verkum að ekki er hægt að fullyrða að vörunar séu öruggar til neyslu.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einkorðast við:

Vöruheiti: Vörunni hefur verið dreift með tveimur mismunandi merkimiðum; Energy For You Nanoclustered Water eða Wayback Water - Energy For You Nanoclustered Water.

Framleiðandi: Energy for you ehf. (þessar upplýsingar vantar á vörunar).

Framleiðsluland: Ísland.

Dreifing: Samkvæmt upplýsingum sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur fengið hafa þessar vörur verið seldar í Heilsutorgi Blómavals og Lyfsalanum Glæsibæ. Einnig hafa borist upplýsingar um að vörunum hafi verið dreift í beinni sölu til einstaklinga en það hefur ekki verði staðfest af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Þeim sem keypt hafa þessar vörur er bent á að neyta þeirra ekki og farga eða skila þeim til þeirrar verslunar þar sem þær voru keyptar. Nánari upplýsingar veitir Óskar Ísfeld Sigurðsson hjá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í síma 411 1111 eða á netfanginu:

oskar.isfeld.sigurdsson@reykjavik.is.

